



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
15 - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Borgarbyggð
Sigurður Páll Harðarson,
forstöðumaður framkvæmdasviðs
Borgarbraut 11
310 Borgarnes

Reykjavík, 15. janúar 2007

Tilvísun: UST20061200051/sf

Breyting á svæðisskipulagi Mýrasýslu 1998-2010, Bifröst

Vísað er til tölvupósts frá Húsi og skipulagi ehf frá 12. desember 2006 þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á svæðisskipulagi Mýrasýslu 1998-2010. Jafnframt er óskað eftir að umsögnin verði send til Sigurðar Páls Harðarsonar, forstöðumanns framkvæmdasviðs hjá Borgarbyggð.

Í greinargerð með skipulagstillögunni kemur fram að breyting á uppdrætti feli í sér breyttar útlínur þéttbýlis að Bifröst, breytt mörk náttúruvættis Grábrókargíga til samræmis við ný gögn frá Umhverfisstofnun og breytt mörk brunn-, grann- og fjarsvæða vegna vatnsverndar til samræmis við vatnsból sem þegar hefur verið tekið í notkun.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að mörk náttúruvættisins Grábrókargígar eru ekki rétt, sbr. auglýsingu nr. 216/1975 um náttúruvætti í Grábrókargígum. Á skipulagsuppdrættinum eru mörkin hringlaga sem er í ósamræmi við auglýst friðlýsingarmörk auk þess sem svæðið á uppdrættinum er mun stærra en raunveruleg mörk náttúruvættisins. Þau tölvutæku gögn sem aðgengileg eru á heimasíðu Umhverfisstofnunar eru því miður ekki nógu nákvæm. Mörk svæðisins á skipulagsuppdrættinum þurfa að vera í samræmi við friðlýsingarmörk skv. auglýsingu nr. 216/1975.


Í greinargerð skipulagstillögunnar kemur fram að mörk þéttbýlis að Grábrók breytist lítið, mörk meðfram Hringvegi eru nær helgunarsvæði og þéttbýlið teygir sig austur fyrir Hringveg vegna hreinsunarstöðvar fráveitu sem sé nauðsynleg vegna vaxandi þéttbýlis. Samkvæmt skipulagsuppdrættinum eru mörk þéttbýlisins við Bifröst dregin nær Grábrókargígum en á núgildandi svæðisskipulagi Mýrasýslu. Samkvæmt upplýsingum frá Hildigunni Haraldsdóttur, arkitekt, eru mörkin u.þ.b. 20 m nær náttúruvættinu þar sem breytingin er mest. Það sé innan skekkmárka miðað við mælikvarða svæðisskipulagsins. Með breytingunni verða mörkin í samræmi við deiliskipulag svæðisins sem unnið er að.

Umhverfisstofnun telur ekki æskilegt að byggðin á Bifröst færist nær náttúruvættinu Grábrókargígum. Stofnunin telur þó ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þau mörk sem sýnd eru á skipulagsstillögunni þar sem um litla breytingu er að ræða en telur jafnframt að

ekki eigi að færa mörk þéttbýlisins nær náttúruvættinu en þar er sýnt. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að umhverfis friðlýstar náttúrumyndanir sé svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð til þess að þær fái notið sín og að jarðfræðilegu samhengi jarðmyndana sé ekki raskað. Stefna ætti að því að Grábrókargígur og Grábrókarhraun verði verndun sem ein landslagsheild og að ekki verði þrengt að náttúruvættinu með aukinni byggð og annarri mannvirkjagerð. Þá verður að hafa í huga að aukin byggð hefur áhrif á ásýnd lands, ekki síst á útsýni frá Grábrókargígum en gönguleið upp á Grábrók nýtur mikilla vinsælda.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þær breytingar á svæðisskipulagi Mýrasýslu er varða vatnsvernd.

Virðingarfyllst


Helgi Jónsson
forstöðumaður


Sigrún Friðriksdóttir
fagstjóri

Afrit: Hús og skipulag ehf, b.t. Hildigunnar Haraldsdóttur.
Skipulagsstofnun.